

**ÆSKULÝÐSSTARF
ANDVARA
2007**

Æskulýðsnefnd Andvara

Skýrsla starfsársins 2007

Í Æskulýðsnefnd Andvara eru eftirtaldir árið 2007:

Kristín Bjarnadóttir, formaður
Lárus Finnbogason, gjaldkeri
Brynja Viðarsdóttir
I. Margrét Baldursdóttir
Ólafur Árnason
Valtýr Guðmundsson

Námskeiðin

Heilmikil þátttaka var í námskeiðum vetrarins. Æskulýðsnefndin hafði til umráða tíma í reiðhöllinni frá kl. 16:00 til kl. 22:00 á mánudögum og miðvikudögum og aðgang að Sigrúnu Sigurðardóttur sem kennara sömu daga frá til kl. 20:00. Ákveðið var að fara þá leið að láta krakkana skrá sig á námskeiðin áður en stundatafla yrði útbúin til að kanna áhuga á hverju námskeiði fyrir sig. Eftir heilmikið púsl tókst að koma fyrir næstum öllum þeim fjölda sem ætlaði sér á knapamerkjánámskeið og barna-(polla)námskeið fyrir innan þessa tímaramma. Aðeins voru 3 sem þurftu frá að hverfa vegna þess að tímasetningar hentuðu ekki.

Þátttaka í námskeiðum var eftirfarandi:

	Fjöldi nemenda	Fjöldi verkl.tíma	Fjöldi bókl.tíma
Barnanámskeið	21	12 tímar	
Grænt knapamerki (1. stig)	9	15 tímar	6 tímar
Gult knapamerki (2. stig)	5	22 tímar	6 tímar
Rautt knapamerki (3. stig)	4	27 tímar	12 tímar
Blátt knapamerki (4. stig)	8	20 tímar	6 tímar
Fjólublátt knapamerki (5. stig)	4	20 tímar	5 tímar

Alls voru nemendur á námskeiðum 50 talsins, en 1 nemandi tók bæði grænt og gult knapamerki. Kennarar voru Sigrún Sigurðardóttir og Reynir Örn Pálmason.

Félagið hefur til ráðstöfunar 500.000 kr. styrk frá Garðabæ sem notaður er til niðurgreiðslu á námskeiðsgjöldum - þegar skráningar eru margar eins (50 krakkar) og er núna þá verður ekki stór upphæð til ráðstöfunar pr mann.

Æskan og hesturinn

Brynja og Ólafur voru fulltrúar Andvara við uppsetningu sýningarinnar Æskan og hesturinn sem nú er orðinn árlegur viðburður. Sýningin var vegleg að vanda og eiga þeir fjölmörgu einstaklingar sem í sjálfböðavinnu stóðu að uppsetningu sýningarinnar hrós skilið.

Hvert félag þurfti að velja knapa og hesta í 4 atriði:

1. Atriði eldri knapa
2. Fánareið
3. Grímureið yngstu knapa
4. Grímureið eldri knapa

Í grímureið var ekki sérstök úrtaka og voru allir yngri en 10 ára velkomnir sem treystu sér til (eða gátu fengið pabba eða mömmu til að teyma hestinn sinn). Í fánareiðina þurfti 2 hesta í sama lit.

Æfingar voru haldnar fyrir Andvaraatriðið einu sinni í viku í reiðhöllinni á Kjóavöllum síðustu vikunnar fyrir sýningu og var mikil stemmning meðal krakkanna. Erla og Jonni sá um æfingarnar í sjálfböðavinna og var þeim færð hvor sín hestaábreiðan og lítill verðlaunabikar, merktur þeim, í þakkarskyni. Einnig voru æfingar fyrir knapana sem tóku þátt í grímureiðinni og fánareiðinni þ.a. hestarnir þeirra vendust lófataki og tónlist.

Stóra stundin var svo helgina 10.- 11. mars í Reiðhöllinni í Víðidal. Ekki var hægt að segja að veðrið léki við okkur og var mörgum orðið ansi kalt á klónum við upphitun hestanna fyrir sýningar. Þorgeir pabbi Lýdíu mætti með vinnuskúr í boði GG og Heimis og Þorgeirs þ.a. krakkarnir gátu notað hann sem búningsklefa og til að halda á sér hita milli sýninga. Hann á sérstakar þakkir skyldar svo og þeir fjölmörgu foreldrar sem lögðu hönd á plóginn við búningsgerð, flutning á hrossum milli Víðidals og Kjóavalla og virkuðu sem allsherjar-reddarar á meðan á sýningum stóð.

Pizzakvöld

Föstudaginn 16. febrúar var haldið pizzakvöld fyrir krakka 12 ára og eldri. Svo óheppilega vildi til að búið var að ráðstafa félagsheimilinu tvisvar það kvöldið og var því ákveðið í snarhasti að flytja pizzakvöldið yfir í kaffistofuna á Dreyravöllum 3 hjá Kristínu og Valtý. Þar skemmtum við okkur fram eftir kvöldi við pizza- og kókosbolluát.

Búninga- og pizzakvöld

Fimmtudaginn 22. febrúar var svo haldið Búninga- og pizzakvöld fyrir yngri krakkana í félaginu. Þar var sporðrennt mörgum pizzum og mæltist vel fyrir að hafa pizzakvöld fyrir yngri krakkana líka (en ekki bara búningakvöld eins og verið hefur undanfarin ár).

Sameiginleg árshátíð félaganna á SV-horninu

Árshátíðin var haldin að Mánagrund í Keflavík að þessu sinni föstudaginn 23. febrúar

Reiðtúr kringum Elliðavatnið

Laugardaginn 31. mars stóðu þær Lýdía og Þurý fyrir því að húa saman í hópferð kringum Elliðavatnið í ferð sem væri bönnuð eldri en 20. Þær ákváðu að láta boð út ganga hjá krökkunum í Gusti að nú væri kominn tími til að krakkarnir í félögunum færu að kynnst áður en Gustur flytti á Kjóavellina.

Lýsisleikarnir

Lýsisleikar eru orðnir að árlegum viðburði hjá félaginu. Lýsisleikarnir eru lokað mót þar sem keppt er í polla-, barna-, unglínga- og ungmennaflokki. Þegar setja átti mótið var veðrið þannig að útlit var fyrir að yngstu börnin myndu tæplega ráða við hestana sína á vellinum, auk þess sem miklar framkvæmdir voru á svæðinu um veturinn þ.a. aðstaðan á vellinum var ekki upp á sitt besta. Því var brugðið á það ráð að láta pollaflokkana keppa inni í reiðhöllinni. Keppt var í tveimur pollaflokkum, meira vanir og minna vanir, þar sem þeir minna vönu gátu látið teyma undir sér. Í pollaflokkum 1 og 2 reyndist ekki unnt að velja milli keppenda og ákveðið var að allir lentu í 1. sæti og fengu því allir "gullpening" og krakkalýsi til að verða stór og sterk. Í öðrum flokkum fengu allir þátttökuverðlaun, efstu 5 sætin fengu pening og fódurlýsi og efsta sætið fékk að auki lítinn bikar. Heilmikil grillveisla þar sem sporðrennt var um 250 pulsum og verðlaunaafhending var í reiðhöllinni að móti loknu.

Úrslit urðu eftirfarandi

Pollar 1

Bryndís Bergmann Oddsdóttir og Tignar-Rauður

Helga Kristín Sigurðardóttir og Erill

Sólon Daði Róbertsson og Yrja

Sylvía Sara Ólafsdóttir og Hekla
Pórunn Harpa Garðarsdóttir og Þjótandi

Pollar 2

Aðalheiður Jóna Magnúsdóttir og Húsentínus
Anna Diljá Jónsdóttir og Ösp
Birta Ingvadóttir og Prófessor Texti
Bríet Guðmundsdóttir og Óþyrmur
Kolbrún Sóley Magnúsdóttir og Mjóblesi
Óli Kristjánsson og Starri
Sóley Róbertsdóttir og Yrja
Viktor Guðmundsson og Mósa

Barnaflokkur

Birna Ósk Ólafsdóttir og Vísir - 8,26
Arnar Heimir Lárusson og Kolskör - 8,00
Magnea Rún Gunnarsdóttir og Óli - 7,74
Haukur Ingvi Jónasson og Glæsir - 7,63
Puríður Lilja Valtýsdóttir og Eldur - 7,25

Unglingaflokkur

Ólöf Þóra Jóhannesdóttir og Kiljan - 8,29
Guðlaug Jóna Matthíasdóttir og Loftur - 8,27
Gunnhildur Rán Gunnarsdóttir og Baldur - 8,21
Ellen María Gunnarsdóttir og Atli - 8,02
Karen Sigfúsdóttir og Glymur - 8,01

Ungmennaflokkur

Hulda Finnsdóttir og Glóð - 8,30
Þórir Hannesson og Byr - 8,27
Ívar Hákonarson og Kvikú-Skjóni - 8,25
Guðmundur M. Skúlason og Skúta - 8,14
Viggó Sigurðsson og Hugí - 8,13

Keppnisnámskeið

Erling Sigurðsson, reiðkennari, var fenginn til að vera með keppnisnámskeið fyrir krakkana síðustu vikurnar fyrir mót. Haldin voru tvö námskeið, eitt fyrir gæðingakeppnina og annað fyrir íþróttakeppnina

Polladagurinn

Polladagurinn var haldinn með pompi og prakt á uppstigningardag og var hann jafnframt frumraun í að halda svokallaðan "Æskulýðsdag Glitnis" sem ætlunin er að verði árlegur viðburður hér eftir.

Gengið var út frá þörfum yngstu krakkanna í skemmtuninni og gert ráð fyrir þátttöku af þeirra hálfu. Sett var upp þrautabraut í reiðhöllinni þar sem keppendur þurftu að ríða svig á milli staura, fara gegnum þröng hlið, taka með sér vatnsglas milli staða, fara í pokahlaup með hestinn sinn í taumi o.fl. - þökkum við Sigrúnu Sigurðar fyrir hjálpina í þeim efnum.

Dagurinn tókst stórvel og var þó nokkur mæting á pallana til að fylgjast með. Endað var á að bjóða öllum sem vildu á hestbak og svo voru borðaðar pizzur af mikilli lyst.

Danmerkurferðin

Alls voru 16 krakkar úr félaginu sem skráðu sig í Danmerkurferðina: Aníta Kjellberg, Dagbjört Una Helgadóttir, Gísli Valur Þórðarson, Gunnhildur Rán Gunnarsdóttir, Hafrún Kjellberg, Hrafn Valtýr Oddsson, Hrafnhildur Helga Guðmundsdóttir, Hulda Hrönn Sævarsdóttir, Högni Freyr Kristínarson, Inga Lára Ragnarsdóttir, Lýdía Þorgeirsdóttir, Marinó Ársælsson, Snædís Eiríksdóttir, Vilborg Inga Magnúsdóttir og Þuríður Lilja Valtýsdóttir - Svo sátu þau uppi með Jónu (mömmu Anítu og Hafrúnar), Sigurveigu (mömmu Huldu), Huldu (mömmu Dagbjartar) og Kristínu (mömmu Högna og Þuríðar) sem fararstjóra (við heimtuðum að fá að ganga í barndóm og hafa jafn gaman af og (hinir) krakkarnir!!!)

Dagskráin var eftifarandi

Laugardag 30. júní

Hver og einn sér um að koma sér í Leifsstöð og flogið til Billund
Danirnir taka á móti okkur og við komum okkur fyrir heima hjá Alice Krupa, formanni æskulýðsnefndar Hestaklúbbsins Skeifunnar.

Sunnudag 1. júlí

Farið á bak stórum hestum og prófað.
Farið til Davinde, tjaldað og komið sér fyrir – kvöldvaka

Mánudag 2. júlí – fimmtudag 5. júlí

Námskeið og vinaleikar í Davinde

Föstudag 6. júlí

Lególand

Laugardag 7. júlí

Farið til Kaupmannahafnar – “skoðunarferð” á Strikið og í Tívolí
Gist í Kaupmannahöfn í svefnpokaplássu á Hotel Jörgensen

Sunnudag 8. júlí

HEIM flogið frá Kaupmannahöfn

BLOGGAD Í DANMERKURFERÐINNI

Hæ,

nu erum við komin til Rynkeby og erum hér í góðu yfirlæti hjá Alice (Lisu) og hennar fjölskyldu. Á morgun verðum við ræst fyrir allar aldir - verðum sött kl. 9 í fyrramalid (það er klukkan hjá ykkur 7) og ætlum að fara á bak á storum hestum. Upp úr hádeginu fórum við að tygja okkur út á motssvæðid í Davinde þar sem við verðum í tjöldum og tjaldvognum fram á fimfundag á namskeidum með dönsku krökkunum sem lykjur svo með vinamoti á fimmtudaginn. Það verður okkur skipt nidur á fjölskyldur sem við gistum hjá í tvær nætur - á föstudaginn ætlum við í Legoland og á laugardagsmorgun fórum við með lest til Kaupmannahafnar þar sem við gistum eina nött aður en við fórum heim á sunnudagseftirmiddag.

Latum heyra frá okkur eftir því sem við komumst í tölva og á netid

Hæ,

nu er útilögnum okkar með dönsku krökkunum lokid og allir farnir heim með dönskum fjölskyldum í 2ja til 4ra manna hópum.

Það hefur ymislegt gerst - og eru strakarnir í hópnum duglegastir við að gera ferdina eftirminnilega - nú koma sögurnar af þeim:

Í fyrrinott rignði eldi og brennisteini og við erum búin að komast að þeirri nidurstöðu að sagan verður þannig tegar barnabörnin heyra hana: Krakkar mínir, krakkar mínir, þegar við felagarnir vorum í Danmörku í gamla daga að taka það í meistarakeppni (hmmm) það rignir svo djöfullega að við vöknudum við að vindsængurnar okkar höfðu flötud út úr tjaldinu og út á nærliggjandi vatn (sma ykjur, hahaha) - þó hafði Marino vaknað klukkutíma aður, sa hann það coke-dos fljota fram hjá sér og ákváð að hann væri að dreyma, sneri sér á hina hlidina og helt áfram að sofa. Það sem bjargadi okkur var að vatnsvedrid hafði verid þvílíkt að okkur voru farin að vaxa sundfit á tanum og því var auðvelt að synda til lands á vindsængunum!

(Retta útgafan er að það eru búnar að vera skurir, logn og hlytt, og í fyrrinott rignði eldi og brennisteini, Marino reyndar sa coke-dosina fljota og helt sig væri að dreyma, en þeir vöknudu upp í polli um miðja nött og sem sannar íslenskar hetjur var bara bitid á jaxlinn og farid með allt sitt hafurtask inn í félagsheimilid, þeir fengu svo að sofa í hjólhysi sídustu nöttina sem sarabætur).

Gisli Valur fékk thrautsegjuverdlaun motsins - eins og buast mátti við það að hann um að fá einhvern frekar erfidan hest og fékk fullkomlega ósjálfstæða frekjudo sem gat ekkert gert nema með hinum hestunum frá sama bæ (hrekkti í hvert skipti sem hann þurfti að vera einn, það er buid að slitna ístad, stiga ofan á tær, fara í sma flugferdir o.fl. o.fl. Hann er reyndar ekki sa eini sem fékk að kyssa danska mold: Þegar við profudum stóru hestana tokst Hafrunu að detta af baki, Emilia og Gunnhildur fóru í reidtur í skoginum sem endadi á að Emilia hekka á grein sem lá thvert yfir götuna og fældi við það undan Gunnhildi og komu þær skellihljæjandi til baka stoltar af að vera sko búnar að detta af baki í Danmörku (það eru sko ekki allir búnir að profa það). Vilborg þurfti svo að herma og detta líka. Engin stor-slys hafa ordid á folki en einhverjir simar urdu ostarfhæfir um tíma vegna bleytu (þeir eru nú allir að komast til heilsu)

Hafrun komst í A-urslit í tölvi (á hesti frá Lisu), og Inga Lara í B-urslit í fjörgangi og Hogni komst í A-urslit í bædi tolti og fjörgangi (á meri frá Lisu) - var bedin serstaklega um gröbba fyrir hennar hönd.

I gærkvöldi var kvöldvaka þar sem synd voru nokkur skautreidar-atridi. Dönsku krakkarnir voru greinilega buin að leggja mikla vinnu í undirbuning, æfingar og buninga. Vegna tungumalaørdugleika höfdu íslensku krakkarnir ekki skilid hvað atti að gera og vildu því ekki vera með. En á síðustu stundu (þegar uppgötvadist hvað var í deiglu) var sett saman atridi á 10 mínutum (þ.e. á meðan þau söttu hestana og lögðu á) og tókst þeim ætlunarverk sitt: að fá mannskapinn til að hlæja hraustlega!

Það er buid að vera rosalega gaman - á morgun förum við fyrir allar aldir í Legoland og verðum þar væntanlega allan daginn. Svo á laugardagsmorgun förum við með lest frá Odense til Kaupmannahafnar til að fara í skoðunarferð á Stríkið, gístum í Køben um nöttina (á Hotel Jørgensen sem er í miðbænum) og stefnum svo á Tivoli á sunnudagsmorgun, en við fljúgum ekki heim fyrir en undir kvöld (brottför 21:15 að stadartíma)

Jæja,

það erum við buin að skoda Legoland - var ekki leidirlegra en svo að við vorum þar frá kl 10 í morgun til kl. 6. Fórum í alls konar tæki, bordudum og fórum meira í alls konar tæki og skodudum legokubbabyggingar af öllum stærðum og gerðum. Við vorum heppin með veidrið í dag, reyndar svolitid svalt (en við erum sko ymsu vön og allt í lagi meðan ekki er þörf á kuldagalla í sumarfríinu).

Lisa er buin að sjá um að hjalmar seu sotthreinsadir og erum við með vottord frá dyralækni um að það hafi verið gert.

Krakkarnir letu vel af sér eftir dvölinni í nött hjá dönsku krökkunum og allir voru katir (en kannski sma threyttir) í morgun kl 8 þegar rutan fór frá stad í Legoland. Svo í fyrramálið kl. 9:10 förum við með lestinni frá Odense til Køben. Þar förum við beint á hotelid okkar og faum að skilja farangurinn eftir meðan við förum í "skoðunarferð" um Stríkið.

Danirnir hafa tekið okkur með kostum og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir

Jæja

það erum við komin heim frá Danmörku

Við förum með lest frá Óðinsvéum inn í Kaupmannahöfn fyrir allar aldir á laugardagsmorguninn, komum farangurinn okkar fyrir á Hótel Jørgensen þar sem hópurinn var með pöntuð 2 herbergi um nöttina. Þá var þræmað í "skoðunarferð" á Stríkið (farangurinn eftir þá ferð varð næstum jafn mikill og sá sem við höfðum haft með okkur í lestinni, veit ekki hvernig við förum að því m.v. að þetta var "bara skoðunarferð"). Þegar við vorum aftur búin að losa okkur við farangurinn förum við í Tívoli og skemmtum okkur konunglega fram til miðnættis, horfðum þá á flugeldasýninguna sem er alltaf á laugardagskvöldum og förum svo í halarófu með leikskólabandið á milli okkar heim á hótél.

Á sunnudagsmorgun vöknudum við rétt nægilega snemma til að ná í leifarnar af morgunmatnum á hótelinu og þá stóð valið á milli þessa að fara í dýragarðinn eða Stríkið - ákváðum að fara aftur í "skoðunarferð" á Stríkinu. Svo ætluðum við að vera vel tímanlega í því að koma okkur út á flugvöll - gerðum ráð fyrir tímanum sem á alltaf að fara í að villast, en villtumst ekki neitt - og vorum því mætt út á völl 3 tímum fyrir brottför til þess eins að fá að vita að það yrði ekki byrjað að tékka inn fyrir en 2 tímum fyrir brottför. Svo leið og beið (og við biðum og biðum) og að lokum var byrjað að tékka inn í vélina - biðröðin mjakaðist hægt og svo fór að berast sá orðrómur að það yrði seinkun á fluginu - og við biðum og biðum - svo kom í ljós að áætluð seinkun yrði u.þ.b. 6-8 tímar! Og við biðum og biðum - og loks komumst við að borðinu og vorum tékkuð inn (vorum þá svo "heppin" að stelpan sem tékkaði okkur inn virtist vera nýbyrjuð og var alltaf að spyrja hvort hún væri að gera þetta rétt - og við biðum og biðum). Svo fengum við gjafabréf

frá Iceland Express fyrir mat í sárabætur því við þyrftum að bíða svo lengi í viðbót við allt sem við vorum búin að bíða - en viti menn - þegar við loksins vorum komin gegnum vopnaleitina var klukkan orðin 10 og þá er öllum búðum og veitingastöðum á flugvelli LOKAÐ! Þ.a. eftir þann tíma er aðeins hægt að kaupa brennivín og nammi. Fyrir rest komst fullkomlega úrvinda (en kátur) hópur Andvarakrakka heim til sín snemma á mánudagsmorgni.

Sagan af fætinum:

Gísli Valur hét drengur sem fór til Danmerkur. Hann var kátur og hress og átti mjög erfitt með að sitja kyrr og gera ekki neitt. Hann á það til að meiða sig. Núna meiddi hann sig í fætinum:

- það slitnaði ístaðsól þegar hesturinn hans hrekkti
- hann meiddi sig í sama fætinum og hann hafði tognað á fyrir hálfum mánuði
- það steig ofan á hann hestur
- á sama fótinn og hafði tognað
- hann sparkaði í þröskuld
- með sama fætinum og hafði verið stigið ofan á og tognað
- það var aftur stigið ofan á hann
- á sama fótinn og áður hafði verið stigið ofan á, sparkað í þröskuld og tognað
- það var keyrt yfir hann með hjólaferðatösku
- enn á sama fótinn
- það var stigið ofan á hann í Tívolí
- það var hlammað stól ofan á eina tanna (sem við það brotnaði)
- svo var skellt ofan á hann ferðatösku
- og keyrt aftur yfir með hjólaferðatösku

Þegar hér var komið sögu var fenginn að láni hjólastóll á flugvelli til að ekki yrðu fleiri óhöpp

- en viti menn, þegar hann var á leiðinni út í flugvél, steypist hann fram fyrir sig og lendir náttúrulega alltaf á sama fætinum!

Finnst ykkur skrytið að Gísli hafi fengið þrautseguverðlaun á vinamótinu??

Nú er orðið ljóst að ekki þarf að taka fótinn af verið öxl heldur:

- hætta að sparka í þröskulda
- hætta að láta keyra yfir sig á hjólaferðatöskum
- hætta að láta fólk setja stóla ofan á tærnar
- hætta að láta hesta og fólk stíga ofan á sig
- og fyrir alla muni hætta að steypast á hausinn í hjólastólum

Æskulýðsráðstefna Landssambands hestamannafélaga

Æskulýðsráðstefna Landssambands hestamannafélaga var haldin í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 6. október. Þar mættu fyrir hönd Andvara Margrét og Kristín. Mættir voru fulltrúar frá nær öllum hetamannafélögum landsins.

Það sem m.a. var tekið fyrir á ráðstefnunni var nauðsyn þess að útbúa aðgengilega handbók á netinu fyrir æskulýðsfulltrúa, þar sem auðvelt væri að nálgast upplýsingar um æskulýðsstarfið bæði innan Landssambandsins og innan hvers félags fyrir sig sem og markmið æskulýðsstarfsins. Handbókin yrði þannig upp sett að hún gangi frá eldri æskulýðsnefnd til nýrrar þ.a. það auðveldi nýjum nefndarmönnum að byrja og viðhalda æskulýðsstarfinu. Gott framtak af hálfu Æskulýðsnefndar Landssambandsins.

Rætt var um menntastefnu LH og nauðsyn þess að þjálfarar hafi menntun í uppeldis- og kennslufræði og hvernig knapamerkjakerfið hefur þróast úr takt við upphaflegt markmið LH. Einnig nauðsyn þess að námsefni í hestamennsku sé gefið út á netinu þ.a. auðvelt sé að uppfæra það.

Fyrirlesari kom frá Háskólanum í Reykjavík og ræddi um ávinnig af íþróttatátttöku, þá pressu sem börn verða oft fyrir af hálfu foreldra í kringum keppni, minnti á að íþróttaiðkun eigi að vera fyrst og fremst skemmtun og að árangur byggist á ástríðu iðkandans (ekki foreldranna).

Rætt var um framkomu foreldra gagnvart dómurum og starfsmönnum móta, en hún er ekki alltaf til fyrirmyndar, og hvað er til ráða því svívirðingar gagnvart dómurum eru að því er mönnum sýnist farnar að leiða til brottfalls dómara.

Rætt var um að búa til vettvang fyrir unglinga sem eiga hesta til að hittast með hestana sína, þar sem horft væri til þannig samkoma sem algengar eru á norðurlöndunum og oft kallaðar “juniorlejr”.

Rætt var um að eitt af verkefnum framtíðar þyrfti að vera að útbúa e.k. foreldrabækling, líkt og gert hefur verið í mörgum íþróttagreinum. Bæklinginn væri hægt að nota til kynningar bæði fyrir foreldra barna sem stunda hestamennsku og þeirra sem ekki stunda hestamennsku. Þar þyrfti að koma fram upplýsingar um tryggingamál, mikilvægi heimanfylgjunnar, kostnaður við að halda hest og ýmsir möguleikar á því hvernig staðið er að hestahaldi (þá sérstaklega miðað við á bæjum og borgum), hverjir séu atvinnumöguleikar, keppnisreglur, undirbúningu ferðalaga og mikilvægi þess að börn og fullorðnir noti frístundir saman. Hestamennskan er lífsstíll, menning, skemmtun, félagsskapur, leið til að kynnst landinu, ögun, lærdómur í samskiptum við menn og dýr og margt fleira.

Eins var talað um mikilvægi þess að útbúa kynningarbækling til þeirra sem ekki eru í hestamennsku, sem t.d. væri hægt að dreifa meðal grunnskólabarna, þar sem tekið væri á þeim atriðum sem menn þurfa að hafa í huga þegar þeir eru á ferð í kringum hesta. T.d. hvert sjónsvið hesta er, hvernig heyrnin er, að hesturinn er flóttadýr og hræðsluviðbrögð því að hlaupa, við hvað eru hestar helst hræddir (skæra liti, óvæntan hávaða, hjól, mótórhjól og barnavagna svo eitthvað sé nefnt). Einnig væri hægt að setja litlar tilkynningar í fréttabréf hinna ýmsu aðila t.d. mótórhjólamanna, þar sem menn væru minntir á að sýna tillitsemi, knapar séu á ýmsum aldri og á öllum mögulegum kunnáttustigum, að hrossin séu mis mikið tamin og að viðbrögð lifandi dýra séu ekki alltaf fyrirsjáanleg.

Fróðleg og skemmtileg ráðstefna og gott framtak af hálfu Æskulýðsnefndar LH að fá æskulýðsfulltrúa landsins til að hittast og bera saman bækur sínar um starfið.